



Úti er ævintýri 2025-2026

Miðstöð útivistar og útináms býður uppá skemmtilega og fræðandi dagskrá tileinkaðri skóla- og frístundastarfi í Reykjavík undir nafninu „Úti er ævintýri“. Dagskráin er ókeypis og er liður í því að styðja skóla- og frístundaheimili Reykjavíkur í að tileinka sér kosti nærumhverfis til náms. Starfsmenn Miðstöðvar útivistar og útináms taka á móti hópum í fyrirfram ákveðna dagskrá sem er unnin út frá Aðalnámskrá og aðlöguð hverju skólastigi fyrir sig. Athugið að hópastærð miðast við **30 nemendur að hámarki**.

Tekið er á móti hópum alla **þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga** á eftirfarandi dagsetningum, staðsetningum og tímum:

Haustdagskrá 23. september til 1. nóvember 2025

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn

- þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10:00 til 12:00
- Unglingastig (8.-10. bekkur)
- **NEYSLUVEISLAN**; rafrænn umhverfisratleikur um ábyrga neyslu og framleiðslu.

Jóladagskrá 11. nóvember til 11. desember 2025

Frístundagarðurinn við Gufunesbæ og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn

- þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10:00 til 12:00 og 13:30-15:30
- Leikskóli & 1. bekkur grunnskóla / frístund.
- **JÓLADAGSKRÁ ELDRI BÖRN**; Ratleikur um íslensku jólasveinana byggður á ljóðum Jóhannesar úr Kötlum.
- **JÓLADAGSKRÁ YNGRI BÖRN**; Saga í tjaldi og jólakúluleit.

Vetrardagskrá 13. janúar-5. mars 2026

Frístundagarðurinn við Gufunesbæ

- þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10:00 til 12:00
- Miðstig grunnskóla (5.-7. bekkur)
- **LÍFSLEIKNI BINGÓ MIÐSTIG**; Stöðvavinna með fjölbreyttum lífsleikniverkefnum sem byggja á mannkostamenntun og dygðasiðfræði.

Vordagskrá – 17. mars–13. maí 2026

Frístundagarðurinn við Gufunesbæ

- þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 10:00 til 12:00 og 14:00-16:00
- Yngsta stig grunnskóla (2.-4. bekkur) og frístund
- **LÍFSLEIKNI BINGÓ YNGSTA STIG**; Stöðvavinna með fjölbreyttum lífsleikniverkefnum sem byggja á mannkostamenntun og dygðasiðfræði.

Allar upplýsingar um dagskrá og bókanir er að finna á [heimasíðu okkar](#) Eins er hægt að hafa samband í síma 411-5600 eða með því að senda póst á muu@reykjavik.is